

Greinargerð unnin úr tillögum Matvælastofnunar
vegna innleiðingar á reglugerð (EB) nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

I. Geymslupolsmerkingin síðasti neysludagur/notkunardagur kælivöru með 5 daga geymslupoli eða skemmra nær yfir allar viðkvæmar matvörur.

Skýring: Samkvæmt 24. gr. reglugerðar EB/1169/2011 á að nota merkinguna síðasti notkunardagur/síðasti neysludagur (e. use-by) í stað best fyrir (e. best before) á matvæli sem eru mjög viðkvæm gagnvart örverum. Ákvæðið kveður ekki á um tiltekin tímamörk á geymslupoli, heldur á ákvæðið við um allar viðkvæmar kælivörur. Til þess að uppfylla ákvæði nýrrar reglugerðar EB þarf að merkja fleiri viðkvæmar vörur með „síðasti notkunardagur“ en þær sem hafa 5 daga geymslupól eða skemmra og því nauðsynlegt að afnema þessa séríslensku viðmiðun um dagafjölda. Með þessari breytingu verður þannig ekki einungis skylt að merkja kælivörur sem hafa fimm daga geymslupól eða skemmra með "síðasti notkunardagur" heldur allar viðkvæmar vörur. Það eru þá eingöngu vörur sem ekki eru viðkvæmar örverufræðilega sem verða merktar með „Best fyrir“ merkingunni.

Í samræmi við þýðingu Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins á að nota hugtakið „síðasti notkunardagur“ í stað „síðasti neysludagur“.

Framleiðendur matvæla í neytendaumbúðum eiga að tilgreina geymslupól annað hvort með því að merkja geymslupól með „best fyrir“ eða „síðasti notkunardagur“. Framleiðendur eiga sjálfir að taka ákvörðun um hvor merkingin er notuð og þurfa þeir að geta fært rök fyrir ákvörðun sinni. Stefnt er að því að Matvælastofnun gefi út leiðbeiningar. Eftirfarandi skal hafa til viðmiðunar þegar ákvörðun er tekin.

Síðasti notkunardagur: Matvæli sem eru örverufræðilega viðkvæm og eru líkleg til að valda neytanda heilsutjóni ef sjúkdómsvaldandi örverur ná að fjölga sér á geymslutímanum. Á einkum við um matvæli sem eru tilbúin til neyslu og samsetning þeirra er þannig að sjúkdómsvaldandi örverur geta fjölgað sér. Á einnig við um matvæli þar sem meðhöndlun fyrir neyslu er ekki nægjanleg til að eyða sjúkdómsvaldandi örverum, eiturefnum og efnasamböndum sem geta myndast við vöxt örvera.

Best fyrir: Best fyrir dagsetning er notuð þegar gæði matvæla rýrna og ekki er hætt á að matvæli verði óörugg. Á við um matvæli sem eru stöðug við stofuhita. Á einnig við um matvæli sem eru meðhöndluð með framleiðsluaðferðum s.s. hitun, þurrkun, frystingu, sýringu eða geislun sem eiga að koma í veg fyrir eða seinka vexti sjúkdómsvaldandi örvera. Gæði þeirra matvæla sem eru komin fram yfir best fyrir dagsetningu geta hafa rýrnað en þau eru enn örugg til neyslu.

Sum viðkvæm matvæli sem nú eru merkt með „best fyrir“ ættu eftir breytingu að merkja með „síðasti notkunardagur“ Dæmi: Niðurskorið álegg, reyktur og grafinn lax, tilbúnir réttir sem á að hita, niðurskorið kjöt (bitar og sneiðar), kjöt í kryddlegi sprautað kjöt, alifuglakjöt, fiskur í sósu / kryddlegi, niðursneitt grænmeti og ávextir, spírur.

II. Ákvæði um að allar kælivörur sem hafa þriggja mánaða geymslupól eða skemmra skuli merkja með "pökkunardegi", sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 503/2005, fellur brott.

Skýring: Hér er um að ræða séríslenskt efnisákvæði. Ekki er ákvæði um pökkunardag í EB/1169/2011, né í tilskipun 2000/13 sem nágildandi reglugerð nr. 503/2005 um merkingu matvæla er byggð á. Lagðar eru meiri skyldur á íslensk fyrirtæki en önnur með því að skylda þau til að merkja pökkunardag. Vara frá evrópskum fyrirtækjum á sama markaði þarf ekki að vera merkt með pökkunardegi. Á móti kemur að neytendur vilja oft vita hvenær vörur hafa verið framleiddar/pakkaðar og sjá þannig hvað þær eru gamlar. Ýmis vandamál eru tengd þessu ákvæði og erfitt er fyrir framleiðendur að uppfylla þetta ákvæði svo vel sé. Sama á við

um eftirlitið. Sterk krafa frá neytendum og verslunum um sem nýjastan þökkunardag hefur gert það að verkum að fyrirtæki dagsetja stundum vörur fram í tímann.

III. Ákvæði um að óheimilt sé að dreifa matvælum eftir dagsetninguna "best fyrir", sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 503/2005, fellur brott.

Í 1. tl. 3. gr. reglugerðar nr. 503/2005 kemur fram að „best fyrir“ og „best fyrir lok“ merkingar gefa til kynna lágmarksgeymsluþol vöru við þau geymsluskilyrði sem við eiga. Varan getur haldið eiginleikum sínum og verið neysluhæf eftir tilgreint lágmarksgeymsluþol. Óheimilt er að dreifa vörunni eftir tilgreint tímabil.

Skýring: Hér er gert ráð fyrir að heimilt verði að dreifa vöru eftir að „best fyrir“ dagsetningin er liðin. Væntanlega voru rökin fyrir „best fyrir“ merkingu í upphafi þau að taka úr sölu matvörur sem ábyrgðaraðilar þeirra töldu ekki uppfylla gæðakröfur. Einnig má vera að tilgangurinn hafi verið sá að spara neytendum að lesa allar dagsetningar á vörum við innkaup til að kaupa ekki matvöru eftir tiltekið tímamark. Brottfall á dreifingarbandi eftir „best fyrir“ dagsetningu getur stuðlað að minni sóun matvæla sem mögulega hefur hrakað í gæðum en óhætt er að neyta með tilliti til öryggis.

Áfram verður óheimilt að dreifa/selja vörur sem komnar eru fram yfir "síðasta notkunardag", sbr. 24. gr. rgl. 1169/2011/EB.

IV. Ákvæði í 29. gr. reglugerðar nr. 503/2005 um að ekki sé heimilt að rjúfa neytendaumbúðir fellur brott.

29. gr. reglugerðar nr. 503/2005 segir um rofnar umbúðir „*Ekki er heimilt að rjúfa neytendaumbúðir og selja vöru óinnpakkaða. Þetta á þó ekki við hafi framleiðandi, dreifandi eða þökkunaraðili heimilað seljanda að rjúfa umbúðir. Þegar slíkt er gert er það á ábyrgð viðkomandi framleiðanda, dreifanda eða þökkunaraðila, að óinnþökkuð vara haldi sínum eiginleikum og sé af sömu gæðum og sú vara sem seld er í neytendaumbúðum.*“

Skýring:

Ef vara er í samræmi við ákvæði laga (innihald, öryggi o.s.frv.) og merkt í samræmi við ákvæði reglugerðar 1169/2011 á brottfall þessa séríslenska ákvæðis ekki að leiða til vandamála. Þrátt fyrir að heimilt verði að rjúfa neytendapakkingar, þá þurfa allar einstakar sölueiningar að vera merktar í samræmi við reglugerðina. Sala á ómerktum eða vanmerktum sölueiningum yrði þannig áfram óheimil. Ekki hefur verið talin ástæða til að setja sambærilegt ákvæði inn í EB/1169/2011.

V. Tvö atriði í viðauka 1. reglugerðar nr. 503/2005, þar sem heimilt er að tilgreina innihaldsefni með flokksheiti í stað sérheita, falla brott.

Í töflu í viðauka 1 í reglugerð nr. 503/2005 um merkingu matvæla eru tvö séríslensk ákvæði. Þessi ákvæði eru til viðbótar við þau flokksheiti sem tilgreind er í tilskipun 2000/13/EB. Um er að ræða séríslenska reglu sem heimilar að tilgreina eftirfarandi innihaldsefni með flokksheiti í stað sérheita

- A. „Blöndu af grænmeti“ sem vegur ekki meira en 10 % af þyngd matvæla“ má merkja með flokksheitinu „Grænmeti“,
- B. „Allir sykraðir ávextir sem vega ekki meira en 10% af þyngd matvæla.“ Má merkja með flokksheitinu „Sykraðir ávextir“

Skýring:

Saga þessara íslensku sérreglna er ekki kunn. Telja má óeðlilegt að ekki þurfi að geta þess hvaða grænmetistegundir eru í samsettum matvælum og það er beinlínis í mótsögn við ákvæði í 4-lið A-hluta VII. Viðauka reglugerðar EB/1169/2011. Einnig er óeðlilegt að samsett innihaldsefni „sykraðir ávextir“ séu ekki sundurgreindir í ávaxtategund(ir) og sykur eins og regla um tilgreiningu innihaldsefna í 2. tl. 18. gr. og regla um tilgreiningu samsettra innihaldsefna í E-hluta VII. viðauka segir til um.

VI.

Tungumál merkinga

Núverandi ákvæði hljóðar svo: „*Hún skal vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku, en þó er heimilt að upplýsingar séu gefnar á fleiri en einu tungumáli.*“ Í fyrirliggjandi drögum er sambærilegt ákvæði í 3. gr. auk ákvæða um að merkja skuli á íslensku í ákveðnum tilvikum.

Skýring:

Tillagan gerir ráð fyrir óbreyttu ákvæði nema gert er ráð fyrir að leiðbeiningar um matreiðslu á alifuglakjöti og tilteknar koffinmerkingar séu alltaf á íslensku.

Texti vegna alifuglakjöts:

<i>Gerum rétt</i>
<ul style="list-style-type: none">• Blóðvökvi á ekki að komast í aðra matvöru eða áhöld• Látið frosið fuglakjöt þiðna í umbúðunum• Grætið að hreinlæti• Kjötið skal vel steikt eða sodið

Vegna koffinmerkinga:

Tegund eða flokkur matvæla	Upplýsingar
<p>4.1. Drykkjarvörur, að undanskildum þeim sem eru að uppistöðu úr kaffi, tei eða kaffi- eða tekjarna þegar heiti matvælna inniheldur hugtakið „kaffi“ eða „te“ sem eru:</p> <ul style="list-style-type: none">– ætlaðar til neyslu án breytinga og innihalda koffín, hvaðan sem það er upprunnið, og hlutfall þess er yfir 150 mg/l eða– eru þykktar eða þurrkaðar og innihalda koffín eftir endurupplausn, hvaðan sem það er upprunnið, og hlutfall þess er yfir 150 mg/l.	<p>Orðin „Inniheldur mikið af koffíni. Ekki æskilegt fyrir börn eða barnshafandi konur eða konur með barn á brjósti“ skulu koma fram á sama sjónsviði og heiti drykkjarins og þar á eftir tilvísun, innan sviga, til koffíninnihaldsins, gefið upp í mg á 100 ml, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar.</p>
<p>4.2. Matvæli önnur en drykkjarvörur með viðbættu koffíni í lífeðlisfræðilegum tilgangi.</p>	<p>Orðin „Inniheldur koffín. Ekki æskilegt fyrir börn eða barnshafandi konur“ skulu koma fram á sama sjónsviði og heiti matvælna og þar á eftir tilvísun, innan sviga, til koffíninnihaldsins, gefið upp í</p>

	mg í 100 g/ml, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar. Ef um er að ræða fæðubótarefni skal koffíninnihaldið gefið upp á merkingunni fyrir einn skammt sem ráðlagður, daglegur neysluskammtur.
--	---

VII. Skilgreining á nettómagni

Sjá 4. gr. í meðfylgjandi reglugerðardrögum.

Ákvæðið er að mestu óbreytt. Varðandi leyfilega raunverulega meðalþyngd í framleiðslulotu er ákvæðið sambærilegt og í núgildandi reglugerð þ.e. má ekki vera undir uppgefinni meðalþyngd (=nafnþyngd). Í fyrirbyggjandi drögum eru gerðar breytingar á b-lið 2. mgr. 15. gr. núgildandi reglugerðar um merkingu matvæla, varðandi meðalþyngd. Byggt er á tillögu frá Neytendastofu í þessu sambandi. Tillagan samræmir regluna um leyfileg frávik frá meðalþyngd matvara annars vegar skv. núverandi reglugerð og hins vegar skv. reglum um frávik vegna þyngdar e-merktra¹ matvara með því að vísa í reglugerð um e-merkingar. Þannig er komið í veg fyrir að í gildi séu tvær mismunandi reglur um leyfileg frávik en reglunar tvær gefa aðeins mismunandi niðurstöður, ýmist hærrí eða lægri tölugildi.

Leyfileg frávik eru nú skv. núgildandi reglugerð nr. 503/2005 um merkingu matvæla

Á minni einingum (sem eru minni en 500g) allt að 5%

Á stærrí einingum (sem eru 500 g eða meira) allt að 2%

Dæmi:

1) Leyfilegt frávik fyrir 250 g kaffipakka er $250 \times 0,05 = 12,5$ g

Einstaka kaffipakki má því vera 237,5 g

2) Leyfilegt frávik fyrir 75 g súkkulaðistykki er $75 \times 0,05 = 3,75$ g

Einstaka súkkulaðistykki má því vera 71,25 g

3) Leyfilegt frávik fyrir 1 L af mjólk er $1000 \times 0,02 = 20$ ml.

Einstök mjólkurferna má vera 980 ml.

Leyfileg frávik skv. fyrirbyggjandi drögum

Dæmi:

1) Leyfilegt frávik fyrir 250g kaffipakka er, fyrir vörur sem eru frá 200 til 300 g skv. töflu í

viðauka í reglugerð nr. 437/2009 um e-merktar forpakkningar, 9 g

Einstaka kaffipakki má því vera $250 - 9 = 241$ g

2) Leyfilegt frávik fyrir 75 g súkkulaðistykki er, fyrir vörur sem eru frá 50 til 100 g skv. töflu í

viðauka í reglugerð nr. 437/2009 um e-merktar forpakkningar, 4,5g

Einstaka súkkulaðistykki má því vera 70,5 g

3) Leyfilegt frávik fyrir 1 L af mjólk er fyrir vörur sem eru frá 500 - 1000 ml skv. töflu í

Viðauka í reglugerð nr. 437/2009 um e-merktar forpakkninga, 15 ml. og fyrir vörur sem eru frá

1000 til 2000 ml skv. töflu í viðauka í reglugerð nr. 437/2009 um e-merktar forpakkninga,

1,5%, sem er þá $1000 \times 0,015 = 15$ ml.

Einstök mjólkurferna má vera $1000 - 15$ ml = 985 ml.

Jafnframt hefur orðanotkun í drögunum verið breytt frá því sem áður var í reglugerð 503/2005.

¹e-merkingar er merking sem notuð til að samræmaólíkar reglur um meðalþyngd í Evrópusambandslöndum. Í sumum löndum sambandsins er reglan „lágmarksþyngd“, annarsstaðar „meðalþyngd“. Reglur um e-merkingar eru valfrjálssar og fyrirtæki sem nota þær setja tölustafinn e við þyngdarmerkinguna og verða þá að fara eftir e-merkinga reglugerðinni en varan er þá í frjálsi flæði innan EES svæðisins.

Notuð eru orð eins og „nákvæmt magn“, „meðalmagn“ og „lágmarksmagn“ í stað nákvæm þyngd osfrv. Aðrir hlutar 15. greinar í reglugerðar nr. 503/2005 eru efnislega samhljóða ákvæðum í IX. viðauka í reglugerð EB nr. 1169/2011.

VIII. Upplýsingar sem gefa skal upp við sölu á matvælum sem ekki eru forpakkaðar.
Sjá 6. gr. í meðfylgjandi reglugerðardrögum.

Skýring: Ákvæðið í reglugerðardrögum er sambærilegt við 28. gr. í reglugerð nr. 503/2005.

Samkvæmt 1. tl. 44. gr. reglugerðar EB nr. 1169/2011 er skylt er að upplýsa um atriði sem fram koma í c- lið í 1. tl. 9. gr. sömu reglugerðar þegar matvæli eru boðin til sölu til lokaneytanda eða stóreldhúsa án forþökkunar eða matvælum er pakkað inn á sölustað að beiðni neytandans eða forpakkað til beinnar sölu. Þannig er skylt er að upplýsa að fyrri bragði um ofnæmis- og óþolsvalda s.s. á veitingastöðum og bakaríum og kjötborðum, fiskborðum, sælgætisbörum osfrv. Rétt þykir að taka þetta sérstaklega fram, sbr. 6. gr. fyrirliggjandi draga.

IX. Upplýsingar varðandi framleiðslulotur
Sjá 7. gr. í meðfylgjandi reglugerðardrögum.

Skýring:
Ákvæðið er komið úr sérstakri tilskipun EB um framleiðslulotur.

X. Sérstakar leiðbeiningar sem gerðar eru kröfur um héraendis
Sjá 8. gr. í meðfylgjandi reglugerðardrögum.

<i>Gerum rétt</i>
<ul style="list-style-type: none">• Blóðvökvi á ekki að komast í aðra matvöru eða áhöld• Látið frosið fuglakjöt þiðna í umbúðunum• Gætið að hreinlæti• Kjötið skal vel steikt eða sodið

Skýring:
Ákvæðið er samhljóða ákvæði 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 503/2005.

XI. Upprunamerkingar grænmetis
Sjá 9. gr. í meðfylgjandi reglugerðardrögum.

Skýring:
Ákvæðið er sambærilegt við ákvæði 8. tölul. 6. gr. og 1. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 503/2005.

XII. Merking vegna D-vítamíns
Sjá 10. gr. í meðfylgjandi reglugerðardrögum. Um er að ræða séríslenskt ákvæði um D-vítamín.

Skýring:
Um er að ræða nýtt heimildarákvæði sem sett er með hliðsjón af 43. gr. reglugerðar(EB) nr.

1169/2011. Það er mikill munur á ráðlögðum dagskammti (RDS) á Íslandi og þeim viðmiðunargildum sem skylt er að miða við í næringargildismerkingu skv. EB/1169/2011. Ráðlagður dagskammtur héraðs er hærri en reglur ESB kveða á um. Tilgangur ákvæðisins er að vekja athygli neytenda á því að þeir þurfi meira D-vítamín en viðmiðunargildi ESB segja til um.

XIII.

Ákvæði varðandi áfengar vörur sem eiga sér óáfenga hliðstæðu

Sjá 11. gr. í meðfylgjandi reglugerðardrögum. Um er að ræða sér íslenskt ákvæði sem hljóðar svo: „*Ef áfengi á sér óáfenga hliðstæðu eða er í keimlikum umbúðum og óáfeng vara skulu umbúðir áfengisins, texti og myndmál vera þannig að áfengið verði ekki auðveldlega tekið í misgripum fyrir hina óáfengu vöru.*“

Skýring:

Ákvæðið er samhljóða ákvæði 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 503/2005.